



Námsvísir Yfirlit yfir námsmarkmið og skipulag námseininga					
Nemendastýrð viðtöl Nemendur fylgja eftir fyrirfram mótuðu námsferli og halda samkvæmt því mánaðarlegt viðtal með sínu fólki, þ.e. teymisstjóra og forsjáraðilum. Nemendur boða sjálfir til fundanna, undirbúa og stjórna þeim samkvæmt markmiðum sem kennari setur.					
Bifröst (móttökuvika) Brúin milli Miðgarðs og Ásgarðs heitir Bifröst, frá jörðu birtist hún sem regnbogi. Fyrsta vikan (23.-26. ágúst) snýst um að kynnst hvort öðru og nýju námsumhverfi. Reyndari nemendur leiða nýliða í gegn um námsferlið Móttaka nýrra nemenda. Við lærum á búnaðinn, kynnumst námsfélögum, förum yfir móttökuáætlunina og þéttum hópinn um leið og við venjumst því að vinna á netinu.					
Grunnþættir Aðalnámskrá Grunnskóla leggur fram sex grunnþætti, við skiptum starfsárinu upp og leggjum einn grunnþátt til grundvallar hverju sinni					
JAFNRÉTTI	LÆSI	SKÖPUN	HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	SJÁLFBÆRNI	LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI
Að nemendur skilji hvernig allir hafi rétt á að fá að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis án fordóma og mismununar.	Að nemendur tileinki sér mikilvægi læsis í viðum skilningi. Læri að tjá sig í ræðu og riti, tjá tilfinningar og skoðanir á öruggan og persónulegan hátt. Skilji hvaða tjáningarform henti þeim best og njóti þess að taka virkan þátt.	Að nemendur njóti þess að skapa og uppgötva, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit að lausn með ólíkum aðferðum hvers og eins.	Að nemendur kynnist sjálfum sér og sinni eigin líðan, kynnist fjölskyldu sinni, læri að þekkja sjálfa sig sem námsmenn og manneskjur í samfélagi manna og uppgötví eigin styrkleika og veikleika sem og skráðar og óskráðar reglur.	Að nemendur skilji að við berum ábyrgð á því að komið verði á sjálfbærni á jörðinni. Skilningur á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða sem stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi.	Að nemendur þekki rétt sinn til að hafa áhrif og taka þátt í samfélaginu, hafa tilgang. Skilja samfélög og tilgang þeirra, ástæður og tengsl við aðra mikilvæga þætti.
Stýriorð; einstaklingsmiðun, markmið, áhugamál, sjálfið, hamingja, persónulegt, forvarnir, heilbrigði, tímastjórnun, skipulag, jafnvægi, metnaður, vinnusemi, gildi, núvitund, námsstíll, stefna, fyrirmynd	Stýriorð; falsfréttir, æsifréttamennska, myndlæsi, stafræn borgaravitund, hannsaga, húnsaga, nethegðun, fjórða valdið, samfélagsmiðlar, saga, gagnrýnin hugsun, traustar heimildir, nettröll, sjónarhorn, fréttir, friðhelgi einkalífsins	Stýriorð; Trúarbrögð, náttúruöfl, orka, kraftur, náttúra, goð, gyðjur, menning, landafræði, menningarheimar, hátíðir, hefðir, eðlisfræði, mótun lands, veðurfar, heimsendir, ofsóknir, lög og reglur	Stýriorð; Matreiðsla, hefðir, norræn menning, kvikmyndun, heilbrigt mataræði, næringarfræði, sköpun, heilsa, matarsóun, umhverfisáhrif, sótspor, líkamsvirðing	Stýriorð; Hönnunarhugsun, sköpun, lausnaleit, framtíðin, loftslagsvá, þróun, umhverfismál, auðlindir, tækni, vistkerfi, loftslag, sameiginlegt heimili mannkyns, ábyrgð gagnvart umhverfinu, endurnýjanleiki, endanleiki, umhverfi, endurvinnsla, náttúra, ný tækni	Stýriorð; tónlist, framkoma, sköpun, landafræði, menning, stríð og friður, lýðræði, kosningakerfi, fjölmiðlar, menning, frændhygli, Evrópa, landafræði, Evrópusambandið, EES, Schengen, mannréttindi, stjórnmal, þjóð, þjóðerni, áhrif, athygli
Yggdrasill Heimstré hinna norrænu goðsagna. Króna Yggdrasils breiðir sig yfir allan heiminn og rætur hans teygja sig til þriggja átta. Ein rótin nær til Niflheims, þar er brunnurinn Hvergelmir. Önnur rótin er í Jötunheimum, þar er Mímisbrunnur og vitri jötunninn Mímir. Þriðja rótin er á himnum, við hana er Urðarbrunnur. Yggdrasill er burðarás námsins í Ásgarði. Heildstæð og samþætt verkefni sem eru unnin á skapandi og fjölbreyttan hátt sem fylgja ákveðnu námsferli. Hér eru allar námsgreinar samþættar og unnið er út frá þema sem endurspeglar þann grunnþátt sem er til grundvallar hverju sinni.					
29. ágúst til 7. október	10. október til 18. nóvember	21. nóvember til 13. janúar	16. janúar til 24. febrúar	6. mars til 14. apríl	17. apríl til 31. maí



Hver er ég? Minn námsferill Að þekkja sig og sinn námsstíl og setja sér háleit markmið við hæfi og skipuleggja sig út frá þeim. Markmið og fyrirmyndir.	Satt eða logið? Hæfnin til að beita gagnrýnu hugarfari og greina upplýsingar. Vitund um að það skiptir máli hver segir söguna. Ábyrgir borgarar í netvæddu samfélagi.	Gyðjur og goð Það hvernig náttúran hefur áhrif á menningu okkar, trúarbrögð og heimssýn og jafnframt hvernig trúarbrögð hafa áhrif á samfélagið. Trúarbrögð, náttúra og menning.	Norræn matarmenning Heilbrigt mataræði og næringarfræði. Framreiðsla og matarmenning á norðurlöndum og unnið með uppskriftir, matarboð og framleiddir matreiðsluþættir á norðurlandamálum. Næring, matreiðsla og hygge.	Lykillinn að framtíðinni Hvert og eitt okkar ber ábyrgð á því sem við veljum að gera, við getum hannað sjálfbæra framtíð. Við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér en við getum tekist á við hana með hugviti og sköpun. Sjálfbært samfélag - áhrif og hönnun.	Eurovision Hvernig við getum nýtt menningu til að skilja hvort annað og mynda tengsl. Ólík viðhorf og sýn þjóða og þjóðarbrot. Stjórnmal og baráttumál í skemmtanaíðnaði og hvernig fólk getur notað áhrif til að fá aðra til að styðja sig. Stríð og friður - menning og lýðræði.
Sambætting námsgreina - Lykilhæfni - Enska - Samfélagsgreinar - Skólaþróttir - Náms- og starfsráðgjöf	Sambætting námsgreina - Íslenska - Upplýsinga- og tæknimennt - Samfélagsgreinar - Stærðfræði - List- og verkgreinar	Sambætting námsgreina - Íslenska - List- og verkgreinar - Náttúrugreinar - Samfélagsgreinar - Stærðfræði	Sambætting námsgreina - Þriðja mál - Upplýsinga og tæknimennt - Náttúrugreinar - Stærðfræði - List -og verkgreinar - Skólaþróttir	Sambætting námsgreina - Tungumál framtíðarinnar - List- og verkgreinar - Náttúrugreinar - Samfélagsgreinar - Stærðfræði - Upplýsinga- og tæknimennt	Sambætting námsgreina - Þriðja mál - List- og verkgreinar - Samfélagsgreinar - Stærðfræði - Upplýsinga- og tæknimennt
		Námsferlið er alltaf það sama. Þemað litar allar námsgreinar og límir þær saman. Í kennsluáætlunum er ítarlega gerð grein fyrir því hvernig sambættingin fer fram og að hvaða markmiðum er verið að vinna. Öll sambætting er metin með leiðsagnarnámi. - Upphaf; Kveikja - vekja áhuga. - Nemendur tengja við viðfangsefnið (t.d. KVL), hvað kunna þeir, hvað vilja þeir vita og læra? Áætlanagerð. - Nemendavinna; kafað ofan í viðfangsefnin, bæði nemendastýrt og kennarastýrt. - Leiðardagbókaskrif og skráning nemenda á rannsóknum sínum og hugleiðingum. Lokaafurð mótask. - Nemandi og kennarar meta á hvaða leið verkefnið er, hvað er gott? Hvað má bæta? - Kynning á niðurstöðum - nemendur gera grein fyrir því hvaða merkingu, tengingu og túlkun þeir hafa náð við viðfangsefnið.			

Hvergelmir (morgunstund)

Uppspretta í Niflheimi, undir Aski Yggdrasils, sem úr falla ellefu ár. Í honum eiga öll vötn heimsins upptök sín.

Hér er unnið með atriði úr íslensku, samfélagsgreinum og lykilhæfni og megináherslan er á samkennd, virðingu og samvinnu.

Í Hvergelmi komum við saman alla morgna og spjöllum um daginn og veginn, förum yfir hvernig gengur og komandi verkefni, hvernig okkur líður og málefni líðandi stundar.

Við gerum morgunæfingar, jóga, förum í leik og/eða hugleiðum til að undirbúa okkur fyrir daginn.

Hér mótum við einnig skólasáttmála, fáum námsfélaga og annað slíkt.

Við notum fjölbreyttar leiðir til að hvetja til læsis með lestri bóka og því að fylgjast með dægurmálum, fréttum og menningu.

Hér vinnum við jafnframt með dyggðirnar, eiginleika sem við viljum efla í okkur sjálfum til að vera besta útgáfan af sjálfum okkur.

Eitt burðarverkefni liggur til grundvallar í tengslum við hvern grunnþátt auk okkar daglegu/vikulegu verkefna.

Í Hvergelmi sköpum við sterkan og heildstæðan hóp og myndum traust okkar á milli, æfum okkur að orða hlutina, hlusta á aðra og sýna þeim virðingu.



NÁMSVÍSIR 2022-2023

29. ágúst til 7. október	10. október til 18. nóvember	21. nóvember til 13. janúar	16. janúar til 24. febrúar	6. mars til 14. apríl	17. apríl til 31. maí
Jafnrétti - Sáttmáli	Læsi - Fréttir	Sköpun - Jólabókaflóðið	Heilbrigði og velferð - Árið mitt	Sjálfbærni - Tungumál framtíðarinnar	Lýðræði og mannréttindi -
- Lykilhæfni; Sjálfstæði og samvinna - Íslenska; Talað mál, hlustun og áhorf - Samfélagsgreinar; Félagsheimur	- Lykilhæfni; Skapandi og gagnrýnin hugsun - Íslenska; Talað mál, hlustun og áhorf - Samfélagsgreinar; Reynsluheimur	- Lykilhæfni; Tjáning og miðlun - Íslenska; Lestur og bókmenntir - Samfélagsgreinar; Félagsheimur	- Lykilhæfni; Ábyrgð og mat á eigin námi - Íslenska; Ritun - Samfélagsgreinar; Hugarheimur	- Lykilhæfni; Nýting miðla og upplýsinga - Íslenska; Málfræði - Samfélagsgreinar; Reynsluheimur	- Lykilhæfni; Sjálfstæði og samvinna - Íslenska; Talað mál hlustun og áhorf - Íslenska; Lestur og bókmenntir - Samfélagsgreinar; Hugarheimur
Mímisbrunnur Viskubrunnur sem stendur við eina af rótum Yggdrasils. Sá sem drekkur vatn úr brunninum verður margs vísari í hvert sinn. Hér dýpkum við þekkingu okkar á því sem unnið er með í Yggdrasil eða skipt um gír og önnur mál tekin fyrir. Notkun tungumálsins er hér í fyrirrúmi en það getur þýtt að hlusta, tala eða skrifa ýmist á ensku, íslensku eða norrænum málum, með orðaforða stærðfræðinnar, tónlist eða öðrum tjáningarleiðum. Vilji nemendur tækifæri til að dýpka þekkingu sína á einhverju sviði gefst einnig færi á því hér. Námið hér er samþætt og endurspeglar grunnþætti Aðalnámskrár.					
Jafnrétti - Harry Potter	Læsi - Lovestar	Sköpun - Jólabókaflóðið	Heilbrigði og velferð - Árið mitt	Sjálfbærni - Tungumál framtíðarinnar	Lýðræði og mannréttindi -
- Stærðfræði; Tölur og reikningur - Íslenska; Talað mál, hlustun og áhorf - Erlend tungumál; Samskipti - Erlend tungumál; Lesskilningur	- Stærðfræði; Að geta spurt og svarað með stærðfræði - Stærðfræði; Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar - Íslenska; Lestur og bókmenntir - Erlend tungumál; Ritun	- Stærðfræði; Algebra - Íslenska; Ritun - Erlend tungumál; Hlustun - Erlend tungumál; Náms hæfni	- Stærðfræði; Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar - Stærðfræði; Rúmfræði og mælingar - Erlend tungumál; Frásögn - Erlend tungumál; Menningarläsi	- Stærðfræði; Tölur og reikningur - Erlend tungumál; Lesskilningur - Erlend tungumál; Ritun - Erlend tungumál; Samskipti	- Stærðfræði; Tölfræði og líkindi - Erlend tungumál; Hlustun - Erlend tungumál; Menningarläsi - Erlend tungumál; Frásögn
Urðarbrunnur (valgreinar og sérhæfing) Urðarbrunnur er undir þeirri rót Aski Yggdrasils sem stendur á himni. Þar eiga goðin dómstað sinn og þar er fagur salur þar sem örlaganornirnar, Urður, Verðandi og Skuld, sitja og skapa mönnum örlög. Hér hefur hver dagur sína sérstöðu en markast af því að nemendur komast enn lengra með sína sérhæfingu og sín persónulegu markmið, hvort sem um er að ræða heilsueflingu, nýsköpun, frásögn og kynningar, áhugasvið eða félagslega þætti og stærðfræðileikni.					
Lykillinn (mánudagar) Lykillinn hefst sem samþætt þemaverkefni en lýkur með stóru einstaklingsverkefni þar sem nemendur fara í gegnum hönnunarferlið til að búa til afurð að eigin vali. Allt verkefnið er 26 samþættar einingar í fjórum þemum sem líka er hægt er að nýta sem sjálfstæð verkefni. Einstaklingsverkefnið er stærsta verkefnið innan Lykilsins og má auðvelda yfirfæra yfir á önnur verkefni.					



NÁMSVÍSIR 2022-2023

Lykillinn er stórt einstaklingsverkefni þar sem gert er ráð fyrir að nemendur grípi til aðgerða til að efla mannréttindi í heiminum. Nemendur ákveða viðfangsefnið, gera verk- og tímaáætlun – ákveða hverja þeir þurfa að fá til liðs við sig til að verkefnið verði að veruleika, ígrunda og skrifa ítarlega skýrslu um verkefnið. Í lokin halda nemendur kynningu á verkefninu sínu og lýsa ferlinu og hvað þurfti til að ljúka því. Einskonar matsnefnd metur verkefnið útfrá verkefnalýsingu sem nemendur hafa sjálfir útbúið. Lykilatriðið í **Lyklinum** er ferlið og í sjálfu sér geta nemendur stjórnað viðfangsefnum sínu sjálfir. Valverkefnin er auðvelt að aðlagða áhugasviðum og útfæra á persónumiðaðan hátt.

Megináhersla þessa verkefnis er þjálfun í frumkvöðla- og nýsköpunarhugsun og [AAR námsferlinu](#). Nemendur ígrunda stöðu mannréttar og lýðræðis í heiminum. Að þeir sjái sjálfan sig sem hluta af lausninni (anticipate), að þeir finni leiðir til að draga úr misrétti (action) og að þeir finni lausnir sem þeir kynna sem geta hjálpað til að stuðla að betri mannréttindum og/eða raunverulegu lýðræði (reflection).

Heilsa og vellíðan (þriðjudagar)

Hér er haldið utan um framfarir og markmið í heilsuefningu, íþróttum og sundi með áherslu á heildstæða heilsu, andlega, líkamlega og félagslega auk markmiðasetningar.

29. ágúst til 7. október	10. október til 18. nóvember	21. nóvember til 13. janúar	16. janúar til 24. febrúar	6. mars til 14. apríl	17. apríl til 31. maí
Jafnrétti	Læsi	Sköpun	Heilbrigði og velferð	Sjálfbærni	Lýðræði og mannréttindi
Mitt heilbrigði og velferð	Heilsa og efling þekkingar	Félagslegir þættir	Öryggi og skipulagsreglur	Líkamsvitund, leikni og afkastageta	Okkar heilbrigði og velferð

Fréttastofan (miðvikudagar)

Vettvangur nemenda til að tengjast umheiminum og kynna sín verkefni út á við. Hér skiptast nemendur á að segja frá verkefnum sínum, vinnuferli og uppgötvunum og nota til þess fjölbreyttar leiðir sem endurspegla það námsferli og þau markmið sem unnið er að hverju sinni. Hér er markmiðið að segja frá skólastarfinu, hvort sem um ræðir verkefni í Yggdrasil, Lykli eða hverju sem er og bjóða gesti velkomna til að fylgjast með.

29. ágúst til 7. október	10. október til 18. nóvember	21. nóvember til 13. janúar	16. janúar til 24. febrúar	6. mars til 14. apríl	17. apríl til 31. maí
Jafnrétti	Læsi	Sköpun	Heilbrigði og velferð	Sjálfbærni	Lýðræði og mannréttindi
Opið fyrir skólann	Opið fyrir forsjáraðila þess sem kynnir	Opið fyrir fjölskyldu og vini	Samfélagsmiðlar	Opið fyrir öll	Streymi

Lærisneið (fimmtudagar)

Valgreinar kenndar þvert á fjölda skóla.

Hér taka samtals 150 unglingar úr fámennum skólum þátt í sameiginlegum valgreinaskóla. Boðið er uppá 11 valgreinar sem kenndar eru í gegn um netið með aðstoð Zoom og námsgögn, skil og mat fara fram á Askinum. Umhverfið er því mjög kunnuglegt nemendum Ásgarðs. Leiðbeinendur eru sérfræðingar á sínu sviði og hér gefst tækifæri fyrir ungmennti að dýpka þekkingu á sínu áhugasviðið og um leið kynnast öðrum með sömu áhugamál. Boðið verður upp á 11 valgreinar fyrir áramót og kennt er samtímis þvert á alla þátttökuskóla. Valgreinarnar eru tölvuleikjahönnun með Unity, Dungeons & Dragons, íþróttaval, kvikmyndagerð, þýska, franska, teiknimyndasögugerð, eðlis- og efnafræði, leiklist, rafíþróttir og kökugerð.



Spilatími (föstudagar)

Spiluð fjölbreytt spil sem reyna bæði á félagsfærni, samvinnu, kærnsku og ekki síst stærðfræði.

- Stærðfræði
- Lykilhæfni; Sjálfstæði og samvinna
- Samfélagsgreinar; Félagsheimur

Heimsmarkmið

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru samþætt þemaverkefnunum ef hægt er að koma því við. Nemendur eru hvattir til þess að vinna verkefni sem hafa áhrif á umhverfi okkar og heimsmynd og **taka þannig beinan þátt í að vinna að því að ná markmiðum heimsmarkmiðanna.**

Jafnrétti	Læsi	Sköpun	Heilbrigði og velferð	Sjálfbærni	Lýðræði og mannréttindi
29. ágúst til 7. október	10. október til 18. nóvember	21. nóvember til 13. janúar	16. janúar til 24. febrúar	6. mars til 14. apríl	17. apríl til 31. maí
4 MENNTUN FYRIR ALLA 10 AUKINN JÖFNUDUR 5 JAFNRÉTTI KYNJANNA	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	1 ENGIN FÁTÆKT 2 EKKERT HUNGUR 14 LÍF Í VATNI 15 LÍF Á LANDI	3 HEILSA OG VELLÍÐAN 12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA 6 HREINT VATN OG HREINLÆTISABSTADA	7 SJÁLFBÆR ORKA 13 AÐGERDIR Í LOFTSLAGSMÁLUM 9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING 8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR	16 FRÍÐUR OG RÉttlæti 17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN